

## REGLUGERÐ

### um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

#### 1. gr.

Frá 10. nóvember 1982 til 15. maí 1983, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

#### 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 172, 20. mars 1980, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

#### 1. gr.

Við vörulistan í 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Tollskrárn.	Vörutegund
06.02.09	Lifandi rætur, græðlingar og gróðurkvistir ót. a. í mánuðunum desember til maí.

Tollskrárn. 06.03.00 í vörulistanum í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tollskrárn.	Vörutegund
06.03.00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, lítað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til maí.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 2. nóvember 1982.*

**Tómas Árnason.**

Pórhallur Ásgeirsson.